

## Aðalfundur Snæfells,

haldinn 16. september 2018 samþykkir eftirfarandi:

Tillögur til 34. aðalfundar Landssambands smábátæigenda

1. Aðalfundur Snæfells harmar að svo mjög hafi dregist að lækka veiðigjöldin. Sú lækkun sem boðuð var síðasta vetur virðist hafa verið sjónarspil stjórnvalda og sá skrípaleikur er ríkisstjórninni mjög til minnkunar.
2. Aðalfundur Snæfells brýnir forystu LS til að berjast með kjafti og klóm fyrir stórfelldri lækkun veiðigjalda.
3. Aðalfundur Snæfells leggur til að leyfðar verði netaveiðar á krókaafلامarksbátum.
4. Aðalfundur Snæfells lýsir yfir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
5. Aðalfundur Snæfells fagnar þeim breytingum sem voru gerðar á strandveiðikerfinu sumarið 2018 og hvetur til að þær verði festar í sessi.
6. Aðalfundur Snæfells telur að reglugerðarhólf skuli opnuð tafarlaust og að sjávarútvegsráðuneytið skuli hafa samráð við heimamenn um lokanir.
7. Aðalfundur Snæfells telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilökunum á handfæraveiðar.
8. Aðalfundur Snæfells leggur til að hrygningarstoppi við Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.
9. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því að tegundatilfærslur verði færðar til fyrra horfs.
10. Aðalfundur Snæfells leggur til að heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.

11. Aðalfundur Snæfells vill að eigendur grásleppuleyfa fái að kjósa um það einir á aðalfundi hvort kvótasetja eigi grásleppu.
12. Aðalfundur Snæfells leggur til að við kvótasetningu grásleppu verði haft til hliðsjónar hvernig dagakerfinu var komið í kvóta þannig að allir handhafar grásleppuleyfa fái ákveðið lágmark.
13. Aðalfundur Snæfells leggur til að nú þegar verði hafin vinna að kvótasetningu ,þ.e.a.s. aflamark per bát á grásleppu. Við þessa vinnu er frumskilyrði að veiðiskylda sé 0% og að við kvótasetningu verði viðmiðunartíminn við útreikning aflaviðmiðunar mjög langur, eða að lágmarki 7 ár.
14. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar, enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.
15. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu sjávargróðurs úr firðinum, og hvaða áhrif það hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
16. Aðalfundur Snæfells telur brýnt að efla öryggi sjómanna.
17. Aðalfundur Snæfells skorar á Samgöngustofu að nöfn báta séu rétt skráð á AIS. Ella fái þeir bátar ekki hæfærisskírteini.
18. Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.
19. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit utan hafna.
20. Aðalfundur Snæfells leggur til að við mat á veiðiskyldu smábáta skuli tekið tillit til veikinda og vélabilana.